

6
24da
júní.

setta málsfærslumanns síns, prests eða læknis, skal hann tjá það fangaverði, sem í því tilliti hefir reglur eptir að breyta.

15. gr.

Þessa reglugjörð skal prenta út af fyrir sig, og slá henni upp í hverri fangakompu til leiðbeiningar, svo fangar geti brýnt hana fyrir sér.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 24. júní 1874.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

7
22an
júní.

Reglugjörð

fyrir matarhæfi fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík.

Aætlun fyrir 10 fanga.

Sunnudagr: 6 1/2 pund af bygggrjónum eða 2 1/2 pd káls.

Uxakjótssúpa eða baunir með svínakjöti. Til þess þarf að hafa

5 pund uxakjöts

1 1/8 pott bygggrjóna } eða: { 3 1/3 pund svínakjöts

3/10 skeffu kartaflna eða 2 1/2 pd káls } { 3 3/4 pott bauna

Mánudagr og fimtudagr: 6 1/2 pund af bygggrjónum eða 2 1/2 pd káls.

Grautr. Til þess þarf

2 1/2 pund af bygg- eða hálfgrjónum, 7 1/2 peli af undanrenningi og salt. Sè

mjólk eigi að fá, fær hver fangi 5 kvint af smjöri.

Þriðjudagr og föstudagr:

Súpa af salt-(sauða-)kjöti. Þar til þarf

5 pund salts sauðakjöts

1 1/8 pott bygg- eða hálfgrjóna

3/10 skeffu af kartöflum eða rófum.

Miðvikudagr og laugardagr:

Saltfiskr eða blautfiskr og þarf til þess

6 pund af saltfiski eða blautfiski

3/10 skeffu af kartöflum

20 kvint af smjöri eða nýrri sauðatólg.

Sèr hver fangi fær þar að auki daglega 1 1/2 pund af brauði og 3 pella af undanrenningi, helming til morgunverðar og helming á hvíldarstundinni að áliðnum degi. Á

vetrnar 1. okt. til 1. apr. skal mjólkinn vera flóuð. Á morgnana er skamtað 1 pund af brauði og að áliðnu 1/2 pund með 2 kvintum smjörs í hvert skipti.

Á jólum, páskum, hvítasunnu og afmælisdag hans hátignar konungsins fá fangarnir aukamáltíð, og má í hvert skipti verja 16 sk. á mann í þessu skyni umfram hið reglulega matarhæfi.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 22. júní 1874.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

8
17da
ágúst.

Bréf landshöfðingjans (til stíptisyfirvaldanna).

Í þóknanlegu bréfi frá 13. p. m. hafa stíptisyfirvöldin skotið til úrskurðar landshöfðingjans bænarskrá aðstoðarprestis síra Jens Pálssonar vegna föður hans sóknarprestis að Arnarbæli P. J. Matthiesens um að taka megi 600 rd. lán til framkvæmdar ýmsum vatnsveit